



Reykholti, 20. apríl 2016

**Til: Verkefnastjórnar rammaáætlunar  
b.t. Stefáns Gíslasonar**

**Efni: Athugasemdir við drög að lokaskýrslu Verkefnastjórnar 3, hvað varðar Hagavatnsvirkjun.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur á undanförnum árum lagt áherslu á að Hagavatnsvirkjun verði flokkuð í orkuvinnsluflokk. Þessum sjónarmiðum hefur sveitarstjórn komið á framfæri þegar Alþingi hefur haft til umfjöllunar Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Með bréfi þessu vill Bláskógabyggð ítreka fyrri umsagnir og athugasemdir sínar og beina því til verkefnastjórnar rammaáætlunar að endurskoða þá niðurstöðu sína sem fram kemur í drögum að lokaskýrslu Verkefnastjórnar 3, sem nú hefur verið til kynningar.

Það kemur verulega á óvart að í umfjöllun og rökstuðningi verkefnastjórnar um Hagavatnsvirkjun í umræddum drögum að lokaskýrslu Verkefnastjórnar 3, að ekki skuli tekið tillit til samfélagslegra né efnahagslegra þáttar er varðar þennan virkjunarkost, sérstaklega í ljósi þess að Bláskógabyggð hefur lagt ríka áherslu á í málflutningi sínum, mikilvægi umhverfis- og samfélagslegra þáttar.

Til margra ára hefur það verið mikið áhugamál hjá sveitarstjórn Bláskógabyggðar og þar áður sveitarstjórn Biskupstungnahrepps að endurheimta fyrri hámarksstærð Hagavatns með stíflugerð til að hefta sandfok og endurheimta gróðurþekju á nærliggjandi svæðum. Samhliða því hefur sveitarstjórn haft hug á því að nýta þá framkvæmd og vatn Hagavatns til orkuframleiðslu með það að markmiði að auka hagkvæmni þeirrar framkvæmdar. Landgræðsla ríkisins hefur verið áhugasöm um þetta verkefni og unnið að rannsóknunum þar að lútandi. Landgræðslan ásamt fulltingi Biskupstungnahrepps létt vinna mat á umhverfisáhrifum þess að hækka vatnsborð Hagavatns með því að stífla Farið, árið 1997.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur áður ályktað um mikilvægi þess að færa yfirborð Hagavatns til fyrra horfs til að hefta sandfok og tryggja árangur uppgræðslustarf, sem hún hefur tekið þátt í meðal annars með Landgræðslu ríkisins. Þetta verkefni hefur einnig verið mikið hagsmunamál hjá landeigendum Úthlíðartorfunnar.

Hið mikla jarðvegsfok frá svæðinu ætti flestum að vera alkunna, en oft á tíðum er þetta einna stærsti valdur að svifryksmengun í uppsveitum Árnessýslu og víðar. Því til stuðnings eru til margar loftmyndir.

Með tilliti til allra þeirra rannsókna sem hafa átt sér stað um umhverfisþætti svæðisins, getur sveitarstjórn Bláskógabyggðar ekki verið annað en algerlega ósammála þeirri niðurstöðu að setja þennan virkjunarkost í biðflokk. Hér með er óskað eftir endurskoðun á þeirri afstöðu verkefnastjórnar og litið verði til allra þáttar við mat á virkjunarkostum eins og lög kveða á um.



Fyrir liggja í dag hugmyndir um virkjun Hagavatns, sem hefur tekið umtalsverðum breytingum frá fyrri hugmyndum. Um er að ræða mun umhverfisvænni útfærslu. Gert er ráð fyrir að einungis verði virkjað til að nýta tiltæka orku og virkjunin hefur verið minnkuð niður í 20 MW og vatnsborðssveiflum í Hagavatni er haldið í lámarki eða innan við 5 m. Rafmagnstengingar verði að mestu leyti í jarðstrengjum. Vegslóðar og reiðleiðir verði samræmdar til að stemma stigu við utanvegaakstur m.a. við Jarlhettur. Við útfærslu virkjunarinnar gefst einnig kostur á að opna fyrir ýmsa möguleika á frekari tengingu við starfsemi ferðaþjónustu á svæðinu.

Bláskógabyggð leggur áherslu á, að með þessari framkvæmd er verið að endurheimta fyrra horf Hagavatns, hefta jarðvegsfok, auka möguleika á landgræðslu og bæta lífsgæði íbúa á áhrifasvæði uppfoksins. Í ljósi þessa hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar sett sér markmið í drögum að Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027, að leitað verði leiða til að stöðva jarðvegseyðingu og uppblástur sinnan Hagafellsjökla og í nágrenni Hagavatns og foks þaðan yfir byggðina. Með því að endurheimta Hagavatn dregur úr uppblæstri og sandfoki yfir byggð, mistur þar minnkar og sést til fjalla á þurrum dögum. Stefnt er að því að áfram verði unnið að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og er þessi framkvæmd um endurheimt fyrra yfirborðshæðar Hagavatns liður í því.

F.h. Bláskógabyggðar

  
Helgi Kjartansson  
oddviti Bláskógabyggðar